

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 20. nóvember 2024
Málsnúmer: 202409-0057
SS/IAS/LA/RT

Efni: Endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 26. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025-2037. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér vinnslutillöguna og þakkar fyrir veittan frest til að skila umsögninni. Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í vinnslutillögunni að endurskoðuðu aðalskipulagi kennir ýmissa grasa enda viðfangsefni slíkrar endurskoðunar fjölmörg. Almennt má segja að lögð hafi verið áhersla á að móta skýra stefnu um hvernig landnotkun af ólíkum meiði eigi að fara fram og er jákvætt að sjá að þar eru áherslur um sjálfbæra land- og auðlindanýtingu, að taka tillit til náttúrufars og verndargildi náttúruminja við ákvarðanatöku, að huga að verndun líffræðilegrar fjölbreytni og endurheimt vistkerfa í samhengi við loftslagsaðgerðir o.fl. reglulega og skilmerkilega settar fram – einkum í greinargerð um forsendur og í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins. Mikilvægt er að slíkar áherslur endurspeglar síðan í ákvörðunum um landnotkun einstakra svæða og því miður hefur Náttúrufræðistofnun tekið eftir að svo er ekki alltaf í ákveðnum tilfellum. Verður vikið að því síðar í umsögninni.

Þá saknar Náttúrufræðistofnun þess að ekki séu tekin markvissari skref í að skilgreina frekar ný svæði fyrir náttúruvernd, í ljósi þess að innan sveitarfélagsins eru mörg svæði sem metin eru með hátt verndargildi m.a. vegna líffræðilegrar fjölbreytni þ.m.t. víðfeðm votlendis- og strandsvæði sem teljast til allra mikilvægustu búsvæða fugla á Íslandi en einnig merk jarðminjasvæði og mikið af lítt snortnum víðernum. Það er mikilvægt að hlífa þessum svæðum sem mest fyrir neikvæðum áhrifum af ýmsum toga og að vernda þau með einu eða öðru móti, hvort sem það er með verkfærum laga um náttúruvernd nr. 60/2013 s.s. friðlýsingum eða friðun tegunda og vistgerða, eða með því að beita hverfisvernd á forsendum skipulagslaga nr. 123/2010. Nokkur áform af þessum toga eru kynnt í vinnslutillögunni sem er jákvætt en þau mættu vera töluvert meiri og stærri að mati Náttúrufræðistofnunar og er sveitarfélagið hvatt til þess að skoða frekari tækifæri til þess í góðu samstarfi við náttúruverndaryfirvöld, landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Nánar er vikið að þessu í umfjöllun um náttúruvernd í lok umsagnarinnar.

Nýlunda er að í vinnslutillögunni er kynnt niðurstaða kortlagningar á svæðum í sveitarfélaginu sem eru metin sem óhentug fyrir mögulega uppbyggingu á vindorkuverum. Fram kemur að stefna sveitarfélagsins um nýtingu vindorku muni mótast af þessari kortlagningu þó ekki sé gert ráð fyrir neinum tilteknum vindorkuáformum í uppfærslu skipulagsins, og beðið með það þar til meðferð mögulegra vindorkukosta er lokið á vettvangi rammaáætlunar. Við kortlagninguna voru eftirfarandi takmarkanir notaðar sem viðmið til að skilgreina þessi óhentugu svæði: friðlýst svæði, valin hverfisvernduð svæði, óbyggð víðerni, jöklar, brunn- og grannsvæði

vatnsverndar, svæði með landhalla yfir 30%, nærsvæði umhverfis byggð (1 km), vegi (0,1 km) og flutningsmannvirki raforkukerfisins (0,1 km), friðlýstar menningarminjar og 100 m friðhelgað svæði utan þeirra og hindranafletir flugvallar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er afar sérstakt og gagnrýnivert að ekki hafi verið tekið tillit til mikilvægra búsvæða fugla í þessu mati. Í drögum að stefnumörkun stjórnvalda sem m.a. hafa verið kynnt og lögð fyrir Alþingi í tillögum að þingsályktunum og að lagabreytingum, hefur verið skýrt áhersluatriði að taka eigi tillit til þess að vindorkuver geti ógnað fuglalífi, og að skilgreina þurfi þau svæði þar sem fuglalíf er sérstaklega viðkvæmt eða verðmætt og forðast uppbyggingu vindorkunýtingar á þeim svæðum. Náttúrufræðistofnun telur því sæta mikilli furðu að ákveðið hafi verið að undanskilja fugla, og í raun lífríki og verndargildi þess almennt, sem lykilviðmið í þessari kortlagningu í Borgarbyggð. Til eru greinargóðar upplýsingar um svæði í Borgarbyggð sem skilgreind hafa verið sem mikilvæg fuglasvæði og sum þeirra hafa m.a.s. verið tilnefnd sem svæði á B-hluta náttúruminjasráðs vegna þess. Þar ber sérstaklega að nefna Mýrar-Löngufjörur

(<https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/borgarfjordur-myrar-longufjorur-1> og <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/borgarfjordur-myrar-longufjorur-0>) þar sem fuglalíf er sérstaklega auðugt og fjölskrúðugt og eru varplönd, fæðuöflunarsvæði og far- og vetrarstöðvar tegunda sem eru margar hverjar viðkvæmar fyrir áflugi á vindmyllur eins og hafarnar og ýmissa vatna- og votlendisfuglategunda. Einnig svæðið Ferjubakkaflói – Hólmavað (<https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/ferjubakkaflloi-holmavad>) þar sem eru ríkuleg votlendi og mikilvægir viðkomustaðar farfugla t.d. blesgæsar sem er á valista. Náttúrufræðistofnun telur uppbyggingu vindorkuvera alls ekki fara saman með þessum mikilvægu búsvæðum fugla og telur að bæta eigi við upplýsingum um þessi svæði inn í kortlagningu Borgarbyggðar á svæðum sem ekki henta fyrir vindorku. Að öðru leyti getur matið ekki talist annað en mjög ófullnægjandi. Til viðbótar við búsvæði fugla ætti einnig að taka tillit til vistgerða sem metnar eru með mjög hátt verndargildi s.s. ýmsar votlendis-, kjarrlendis-, ferskvatns- og fjöruvistgerðir sem hlífa ætti við raski af þeim toga sem uppbygging vindorkuvera hefur alla jafna í för með sér.

Í vinnslutillögunni er fjallað um nýsamþykkt flokkun og kortlagningu á landbúnaðarlandi í sveitarfélaginu. Náttúrufræðistofnun hefur ekki greint þá kortlagningu í þaula en fram kemur í umhverfisskýrslu skipulagsins að víða innan landbúnaðarsvæða séu vistgerðir og jarðminjar sem falli undir 61. grein laga náttúruverndar um sérstaka verndun, og sem lögum samkvæmt eigi að forðast að raska. Þegar mynd 8 sem sýnir kortlagningu landbúnaðarlands miðað við nýja flokkun þess er borin saman við mynd 10 sem sýnir hvar vistgerðir sem falla undir ákvæði 61. greinar er að finna þ.m.t. votlendi, sést að mörg votlendisvæði eru flokkuð sem gott ræktunarland. Mikilvægt er að tryggja gott jafnvægi nýtingar á slíku ræktunarlandi og verndun ósnortins votlendis og styrkja endurheimt raskaðs votlendis þar sem slíkt er mögulegt. Það er nauðsynlegt til að fylgja vel þeim skilmálum um landbúnaðarsvæði (bls. 43 í greinargerð) sem segja að leitast skuli við að raska ekki óröskuðu votlendi þar sem ræktun er ekki áformuð. Þá ber að varast að votlendi og önnur verðmæt og viðkvæm gróðurlendi sé ekki raskað fyrir aðra landnotkun, eins og því miður allmörg dæmi eru um að standi til í sveitarfélaginu, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Athugasemdir um einstaka landnotkunarflokka

Frístundabyggðir

Stefnt er að mikilli aukningu og stækkun á frístundabyggðum í sveitarfélaginu skv. vinnslutillögunni. Ekki eru allt nýjar tillögur og deiliskipulög hafa jafnvel verið samþykkt í einhverjum tilfellum, en mikið af þessum áformuðu frístundabyggðum eru enn óbyggðar eða lítið byggt af því sem heimildir eru fyrir. Í stefnu um frístundabyggðir sem fjallað er um í kafla 3.4 er ekkert fjallað um hvernig skipulag og uppbygging frístundabyggða taki tillit til náttúruverndar, en í skilmálum í kafla 7.4 segir að við útfærslu og framkvæmdir á frístundasvæðum skuli líta til sérstæðra jarðmyndana og mikilvægra vistgerða og gróðurlenda sbr. verndarákvæði í lögum og sérstaklega ávarpað að forðast skuli að raska vistgerðum og jarðmyndunum sem falla undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013, um sérstaka verndun. Þá segir í stefnu um landslag og náttúrufar að skipulag skuli stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og að varðveita eigi gæði sem felast í landslagi og sérkenni náttúru.

Það vekur því furðu að í vinnslutillögunni séu skilgreind í greinargerð og á sveitarfélagsuppdráttum frekar mörg svæði fyrir frístundabyggð sem í dag eru lítið eða ekkert röskuð og þar sem finnast ýmist eða bæði jarðmyndanir og vistgerðir sem falla undir ákvæði 61. greinar, og/eða teljast mikilvæg fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni, varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og eða fela í sér sérstakt landslag eða náttúruminjar. Mörg þessara svæða eru að öllu eða miklu leyti óbyggð ennþá og því tækifæri til að koma í veg fyrir það mikla rask sem óneitanlega yrði á þessum vernduðu og verðmætu náttúruminum. Náttúrufræðistofnun hvetur sveitarfélagið eindregið til að endurskoða í það minnsta einhver þessara áforma, því ef af þeim öllum verður er mikil hætt á óafturkræfu tjóni á verðmætri náttúru og óhætt að segja að slíkt tjón stangist á við þau markmið og leiðarljós sem fram koma ítrekað í þeirri stefnu sveitarfélagsins sem vinnslutillagan felur í sér.

Sem dæmi má nefna afar stórar frístundabyggðir sem eru áformaðar í Hallmundarhrauni, F107-Gilsbakki og F110-Fljótstunga, sögulegu nútímahrauni sem er að stórum hluta óraskað og auk eigins verndargildis hefur mikið gildi fyrir landslag svæðisins sem hraunið liggur um. Svæðið er undir hverfisvernd og fram kemur í sértækum skipulagsákvæðum að forðast eigi að raska hrauni. Þar sem hraun þekur nær að öllu leyti þau svæði sem skilgreind hafa verið fyrir þessar frístundabyggðir er ekki með neinu móti hægt að sjá hvernig forðast megir slíkt rask. Ekkert kemur fram um hversu margar lóðir séu áformaðar í þessum frístundabyggðum. Náttúrufræðistofnun telur að falla eigi frá þessum áformum og ekki heimila frístundabyggð í hrauninu. Frístundabyggðir F125 og F128 við Syðri-Rauðamel eru sömuleiðis að mestu staðsettar innan óraskaðs og verndaðra hrauna, Syðra Rauðamelshrauns fyrir F125 þar sem gert er ráð fyrir 30 lóðum og þar sem einnig er mikið um verndaða gjallgíga, og Gullborgarhrauns fyrir F128. Svæði F5 við Helgastaði í Hítardal er einnig skipulagt í sögulegu hrauni, Hagahrauni. Náttúrufræðistofnun telur áform um frístundabyggðir illa eiga við á þessum svæðum sömuleiðis.

Enn fleiri svæði eru skilgreind fyrir frístundabyggð þar sem votlendi er útbreitt og víða af þeirri stærðargráðu að það telst falla undir sérstaka verndun. Þar má nefna F52 við Einifell þar sem er mjög víðfemt, lítt raskað votlendi, F61 Þingnes 1 og 2, þar sem gert er ráð fyrir viðamikilli frístundabyggð á stóru lítt röskuðu votlendissvæði vestan við Blundsvatn, F32 Eskiholt 1 sem er að mestu óbyggt og þar sem er mikið kjarr- og votlendi, F27 Galtarholt sem er að mestu óbyggt einnig og þar sem votlendi er víðfemt, F7 austan við Ánastaði þar sem votlendi er töluvert og F17 Litla-Fjall sem er óbyggt að mestu og bæði votlendi og kjarrlendi eru ríkjandi. Fleiri dæmi má nefna þar sem hætta er á að votlendi verði raskað, mögulega mjög mikið en í flestum tilfellum eru litlar upplýsingar um áætlað umfang frístundabyggðanna. Náttúrufræðistofnun telur afar óæskilega þróun að fórna svo víðáttumiklu votlendi fyrir frístundabyggðir. Jafnvel þótt reynt sé að útfæra frístundabyggðir þannig að votlendi sé hlíft eins mikið og hægt er, þá er það vandasamt þegar heimildir eru veittar fyrir mörgum lóðum, vegna þess rasks sem uppbygging frístundahúsa og nauðsynlegra innviða svo sem vegslóða óneitanlega fylgir. Á þeim svæðum þar sem votlendi er ríkjandi er ljóst að það er ómögulegt að forðast rask. Ef af þessum áformum verður er enn brýnara að horfa til þess að vernda með öflugri verndun önnur votlendissvæði sem enn eru óröskuð sem og leggja aukinn slagkraft í endurheimt votlendis þar sem það er mögulegt. Að öðru leyti er hætta á að markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og kolefnisbindingu í vistkerfum nái alls ekki fram að ganga.

Þéttbýli

Stefnt er að stækkun þéttbýlis á nokkrum svæðum í sveitarfélaginu. Viðamest eru áform um nýtt íbúðarsvæði vestan við Borgarvog sem tilheyrir mun Borgarnesi. Þar er ljóst að töluvert mun raskast af lítt snortnu votlendi. Þá mun álag á verðmæt og viðkvæm leiruvistkerfi í Borgarvogi einnig aukast þar sem byggð verður báðum megin við veginn. Í umhverfisskýrslu vinnslutillögunnar er greint frá líklegum umhverfisáhrifum af þessari breytingu og kemur skýrt fram að þau eru metin neikvæð fyrir náttúru og lífríki. Ýmsir skilmálar eru tilgreindir sem eru til þess gerðir að draga úr neikvæðum áhrifum eins og hægt er t.d. að byggðin verði lágreist og ekki of þéttbyggð til að minnka líkur á truflun fyrir t.d. fuglalíf í Borgarvogi. Einnig skilmálar um frárennsli og ofanvatnslausnir til að vega upp rask á vatnsrennsli til vogarins. Þá að stefnt verði að endurheimt votlendis til að bæta upp raskað votlendi. Þá er áfram stefnt að því að friðlýsa Borgarvog en það hefur verið í skoðun um nokkurt skeið og er mikilvægt skref til að stuðla að verndun sjaldgæfra og verðmætra fjöruvistgerða í veginum og þess auðuga fuglalífs sem vogurinn hýsir.

Stefnt er að stækkun þéttbýlis á Hvanneyri. Að mestu verða nýir byggingarreitir staðsettir á gömlu landbúnaðarlandi s.s. eldri túnnum eða framræstu votlendi. Um gróðursæl svæði er að ræða sem verða tekin undir byggð og fuglalíf er líklegt til að vera ríkulegt þar. Þar sem byggðin er staðsett innan Andakilsfriðlands er afar mikilvægt að frekari skipulag á þessari stækkun byggðarinnar taki fullt tillit til friðlýsingarskilmála og sé útfærð þannig að hún dragi ekki úr verndargildi þess t.d. fyrir fuglalíf.

Þá er stefnt að nýrri íbúðarbyggð austan við Reykholt í Reykholtssdal, þar sem heitir Breiðabólsstaður II. Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir áður til sveitarfélagsins tengt deiliskipulagi þeirrar byggðar og einkum bent á mikilvægi þess að hlífa næsta umhverfi Reykjadalssár sem er á náttúruinjasrá.

Ný íbúðarbyggð er skilgreind við Galtarholt, ÍB6. Það svæði er að mestu óraskað að dag og einkennist m.a. af votlendi. Svæðið liggur þétt upp við þjóðveginn sem rýrir verndargildi þess. Engu að síður er mikilvægt að leggja mat á hvert rask á náttúru verður við þessa áformuðu uppbyggingu. Ekki síst í ljósi þeirrar miklu uppbyggingar frístundabyggða sem áformuð er þar í nágrenninu til viðbótar við þetta frístundabyggð sem einkennir svæðið og nálæg svæði nú þegar.

Mikil uppbygging er í gangi við Húsafell. Ný íbúðarbyggð, ÍB8, er þar að stórum hluta byggð nú þegar. Til viðbótar við aukna frístundabyggð í nágrenni Húsafells er ljóst að þetta svæði sem býr yfir einstakri náttúrufegurð, einstöku landslagi sem einkennist t.d. af umfangsmiklu kjarrlendi og fjölbreyttum jarðminjum, er að taka miklum breytingum og umsvif vegna byggðar og athafna ýmis konar aukast hratt. Mikilvægt er að meta hversu viðkvæm landslag og náttúra svæðisins eru fyrir þessum miklu breytingum, ekki síst því þar er töluvert um friðlýst náttúrusvæði og verndaðar náttúruminjar og tryggja þarf að verndargildi þessara svæða og fyrirbæra rýrni ekki.

Athafnasvæði og uppbygging ferðaþjónustu

Stefnt er að uppbyggingu ferðaþjónustu allvíða m.a. á afskekktum hálendis svæðum. Þar eru sums staðar fyrir mannvirki t.d. fjallaskálar, oft smáir í sniðum, en einnig eru svæði sem eru óbyggð og lítt eða ekkert röskuð þó vegslóðar gæti legið um þau. Almennt eru veittar heimildir fyrir allt að 200 fermetra gistiaðstöðu sem og hesthúsum á þessum svæðum sem skilgreind hafa verið. Mikilvægt er að útfærsla í deiliskipulagi taki tillit til náttúru og landslags og að dregið sé úr raski eins og mögulegt er. Náttúrufræðistofnun setur varnagla við að byggja upp umfangsmikla þjónustu við Víðgelmi sem myndi mögulega raska nútímahrauni með hátt verndargildi og vera innan grannsvæðis vatnsverndar og hverfisverndar. Tryggja þarf jafnframt verndun hellisins sjálfs og leggja mat á þol svæðisins fyrir ásókn. Áformað þjónustusvæði AF204 á Uxahryggjum er á að mestu lítt röskuðu svæði og huga þarf vandlega að hönnun og frágangi. Svæði AF206 Sæluhúsahæðir/Brunnar er ekki að finna á sveitarfélagsupprætti og erfitt að leggja mat á hvar nákvæmlega sú uppbygging sé áformuð. Almennt þarf að huga að þeim ásýndar- og landslagsáhrifum sem aukin uppbygging ferðaþjónustu á afskekktum svæðum felur í sér en umtalsverð aukning á gistiþlássi getur falið í sér miklar breytingar. Einnig þarf að meta hvernig aukin umferð getur leitt til meira álags á náttúru svæða s.s. viðkvæman hálendisgróður, fuglalíf, jarðminjar o.fl.

Skógrækt

Stefna um skógrækt er endurskoðuð í vinnslutillögunni og þar segir m.a. að skógrækt eigi ekki heima hvar sem er og að hún eigi ekki að vera heimil á svæðum sem njóta verndar vegna jarðminja, vistkerfa og menningarminja. Það er jákvætt að sett sé skýr stefna um þetta og einnig að þegar kemur að náttúrulegum birkiskógum sé einungis heimilt að gróðursetja íslenskar plöntur. Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að dýralíf breytist við skógrækt, þar með talið fuglalíf. Náttúrufræðistofnun telur afar mikilvægt að tekið sé tillit til þessara breytinga og að lagt sé mat á þéttleika fugla, einkum mófugla, á svæðum þar sem skógrækt er áformuð, einkum stórum svæðum, og að áformin séu útfærð með það í huga að draga úr neikvæðum áhrifum. Vel

er þekkt að sumar tegundir forðist ekki einungis skóginn sjálfan heldur nálægð við hann sömuleiðis. Þar á meðal mikilvægar ábyrgðartegundir á Íslandi eins og heiðlóa og spói. Markmið með skógræktinni eru margs konar m.a. til kolefnisbindingar. Náttúrufræðistofnun telur afar brýnt að þar sem stefnt sé að skógrækt fyrst og fremst í þágu kolefnisbindingar sé lagt mat á hversu mikil binding er í því gróðurlendi sem fyrir er og forðast að velja svæði þar sem náttúruleg binding er mikil nú þegar eins og á oft við um gras- og mólendi í góðu ástandi. Einnig þarf að forðast val á skógræktartegundum sem geta verið ágengar, en sterkar vísbendingar eru um að t.d. stafafura geti verið ágeng í íslenskri náttúru og fylgjast þarf vel með sjálfsáningu hennar í næsta nágrenni við svæði þar sem henni hefur verið plantað.

Í undirbúningi eru gæðaviðmið og staðlar um sjálfbæra skógrækt sem lykilaðgerð í stefnu og aðgerðaáætlun um landgræðslu og skógrækt, Land og Líf. Mikilvægt er að öll áform um skógrækt séu aðlöguð í takt við þær áherslur sem koma fram í þessari vinnu. Þar með talið ákvarðanir um val á skógræktarsvæðum. Tilefni getur verið að endurskoða skilgreind skógræktarsvæði í aðalskipulagi í ljósi þessa.

Náttúrufræðistofnun hefur rýnt þau svæði þar sem skógræktarsvæði hafa verið skilgreind og afmörkuð í vinnslutillögunni og setur varnagla við eftirfarandi svæði. Svæði SL3 í Hítardal er afar stórt svæði sem er m.a. staðsett á sögulegu hrauni sem fellur undir ákvæði 61. greinar, Hagahraun og Hólmskraun. Það stangast á við þá stefnu sem sett er fram í vinnslutillögunni um að rækta ekki skóg á svæðum sem njóta verndar þ.m.t. vegna jarðminja. Svæði SL47 við Skíðsholt á Mýrum, svæði SL44 norðan við Langárfoss og svæði SL41 við Þursstaði eru á svæðum þar sem votlendi er umfangsmikil og falla einnig undir sérstaka vernd a.m.k. að hluta. Umfangsmikil skógrækt á lítið erindi á þessi svæði að mati Náttúrufræðistofnunar. Ekkert kemur fram í vinnslutillögunni um hvers konar skógrækt sé áformuð þarna. Stór skógræktarsvæði eru áformuð á svæðum þar sem ekki er ólíklegt að þéttleiki mófugla sé umtalsverður og mikilvægt er að lagt sé mat á það og áformin aðlöguð að því mati. Dæmi um slík svæði eru svæði SL60 í sunnanverðum Flókadal og SL58 við Kollslæk í ofanverðum Reykholtssdal.

Orkuvinnsla

Töluvert er um heimilaðar smávirkjanir á vatnasviði Hvítár ofanverðu sem heimildir eru fyrir að stofnsetja eða stækka eftir atvikum t.d. í Kiðá, Norðlingafljóti og ofan við Þorvaldsstaði, Gilsbakka og Hvamm í Hvítársíðu. Mikilvægt er að þótt um smávirkjanir sé að ræða sé lagt mat á umhverfisáhrif þeirra vegna rasks og breytinga á vatnafari.

Tvær stærri virkjanir er fjallað um í vinnslutillögunni sem ekki hafa komið til framkvæmda og sem eftir á að útfæra og meta hvort fari í umhverfismat. Þær eru báðar á vatnasviði Hvítár, ein í Hvítá rétt austan við Húsafellsskóg og ein í Geitá. Áformuð Geitárvirkjun er allstór, allt að 8MW og gerir ráð fyrir inntakslóni við Geitárbrú. Mikilvægt er að lagt sé greinargott mat á umhverfisáhrif þessara virkjana skv. lögbundnu ferli mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og að framkvæmd sé fyrirspurn um matsskyldu. Það er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að báðar virkjanir eru innan eða í jaðri friðlandsins Geitland. Náttúrufræðistofnun mun ekki leggja frekara mat á umhverfisáhrif þessara virkjana á þessu stigi málsins en væntanlega fá tækifæri til þess síðar.

Eins og áður hefur komið fram er ekki gert grein fyrir áformum um vindorku sem hafa verið í undirbúningi í sveitarfélaginu en þau eru nokkur og sum hafið ferli umhverfismats t.d. vindorkuver á Grjóthálsi og Múli í Norðurárdal. Beðið er afgreiðslu þeirra á vettvangi rammaáætlunar en Náttúrufræðistofnun vill benda á umsagnir stofnunarinnar um matsáætlanir þessa tveggja verkefna en þar koma fram ýmsar ábendingar um þessi áform.

Náttúruvernd

Í greinargerð um forsendur endurskoðunar aðalskipulags er greint frá náttúruvernd. Þar er staðreyndavilla sem má laga. Í texta um B-hluta náttúruminjaskrár segir að Náttúrufræðistofnun hafi gert tillögu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár en að það séu svæði sem ætti að friðlýsa. Síðan eru tvö svæði nefnd í Borgarbyggð, Oddauppsprettur og Lambeyrarkvísl. Þau svæði voru sannarlega þar á meðal en fleiri svæði voru tilnefnd en þau eru Mýrar-Löngufjörur (sem einnig ná inn í önnur sveitarfélög), Arnarvatnsheiði (sem einnig nær inn í önnur sveitarfélög), Ferjubakkaflói-Sólheimatunga og Litla-Skarð. Mikilvægt er að halda því til haga enda þær tillögur enn til staðar. Þau eru sýnd á Mynd 12 í greinargerð um forsendur og er það kort rétt að öllu leyti nema ekki er rétt að svæðin séu komin á B-hluta náttúruminjaskrár, heldur verið tilnefnd.

Umhverfistofnun hefur við úrvinnslu þessara tillagna lagt til við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að á fyrstu framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verði ákveðið mengi af tillögum Náttúrufræðistofnunar lagt fyrir Alþingi til samþykktar og þar á meðal voru Oddauppsprettur og Lambeyrarkvísl. Það breytir því ekki að hin svæðin eru enn metin með mjög hátt verndargildi og Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að áfram sé skoðað hvernig best verði að því staðið að vernda þær náttúruminjar sem þar eru metin sérstaklega verðmæt sem eru einkum vistgerðir og búsvæði fugla. Eins og áður kom fram í þessari umsögn er sveitarfélagið hvatt til þess að skoða hvernig beita má ólíkum stjórnækjum náttúruverndar sem og hverfisvernd til að tryggja verndun þessara svæða, að öllu leyti eða hluta til. Sama á við um svæði sem þegar eru á gildandi náttúruminjaskrá (núverandi C-hluta) en þau eru allmörg í sveitarfélaginu og vantar í greinargerð að fjalla nánar um þau. Rétt er að endurskoðun á þeim er í gangi hjá Náttúrufræðistofnun en þangað til henni er lokið og ný náttúruminjaskrá samþykkt er vægi þeirra og verndarstaða óbreytt.

Fram kemur í vinnslutillögunni breyting á stefnu um hverfisvernd. Þar ber hæst að svæði sem í gildandi aðalskipulagi falla undir ákvæði 61. greinar náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka vernd, eru undir hverfisvernd. Sú hverfisvernd er afnumin með þeim rökum að verndunin sem 61. greinin felur í sér nægi og ekki þurfi viðbótarvernd af hendi sveitarfélags. Það er að einhverju leyti skiljanlegt enda ekki verið útbúnir ítarlegri skilmálar um þessa hverfisvernd og ekki mörg fordæmi um að hverfisvernd sé beitt á þennan hátt hérlandis. Hins vegar er því ekki að neita að framkvæmd og túlkun þeirrar verndar sem 61. greinin felur í sér er oft takmörkuð, enda felur verndunin einungis í sér að taka eigi tillit til verndargildis náttúruminja sem um er að ræða, en takmarkar að öðru leyti ekki rask á þeim. Hér að framan hefur verið bent á allmörg dæmi þar sem áformaðar framkvæmdir t.d. á frístundabyggðum og í skógrækt muni óneitanlega valda raski, og stundum umtalsverðu að öllum líkindum, t.d. á hrauni og votlendi sem fellur undir 61. greinina. Með því að afnema hverfisvernd einnig á

Þessum svæðum veikjast enn frekar stoðir verndunar á þessum náttúrufyrirbærum. Það er því óneitanlega óheppileg þróun að mati Náttúrufræðistofnunar.

Hverfisvernd verður áfram beitt í þágu náttúruverndar í sveitarfélaginu sbr. tafla í kafla 8.8 í greinargerðinni. Þar má nefna stór svæði eins og Tvídægru og Arnarvatnsheiði og Hallmundarhraun. Það virðist þó ekki útloka áform um rask sbr. samþykktar frístundabyggðir í Hallmundarhrauni. Þá mætti fjölga til muna hverfisverndarsvæðum til að ná fram þeim markmiðum sem sett eru í skipulaginu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og horfa t.d. til svæða á núgildandi náttúruminjaskrá eða á tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta, eins og áður hefur verið sagt. Sérstaklega má nefna mikilvæg votlendis- og strandsvæði á Mýrum í því sambandi, en þar er ærið tilefni til að tryggja langtímavernd þessara mikilvægu búsvæða fugla og annarra lífvera, ekki síst í ljósi þess að nokkuð víða í sveitarfélaginu eru áform sem fela í sér rask á votlendi og búsvæðum fugla og mikilvægt að bæta upp það tjón sem af því getur hlotist. Vel er fjallað um slíkt rask vegna nýrrar íbúðarbyggðar vestan Borgarvogs en svæðin eru mun fleiri t.d. þar sem frístundabyggð er áformuð eins og áður hefur komið fram.

Því er fagnað að halda eigi áfram með friðlýsingu Borgarvogs. Borgarvogur og þau verðmætu fjörusvæði sem í honum eru, eru hluti af þeirri stóru tillögu Mýrar-Löngufjörur sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta. Sveitarfélagið er hvatt til að skoða frekari friðlýsingu á mikilvægum fjöru- og strandsvæðum innan þeirrar tillögu til viðbótar við Borgarvog, bæði utan netlaga sem og innan þeirra í samstarfi við landeigendur. Eins og er, þá er ásókn í þessi svæði lítil og þau að mestu leyti fá að vera í friði og nýtast vel sem búsvæði t.d. fugla. Það ætti því ekki að reynast erfitt að ná góðri sátt um verndun þeirra til framtíðar.

Benda má á það að plöntusteingervingar frá síð-Míósen tíma, 7-6 millj. ára, finnast í setlögum sem nefnd eru Hreðavatns-Stafholts myndunin. Einnig hafa fundist plöntuleifar og surtarbrandur á Holtavörðuheiði og í Hálsasveit. Þá finnast fornskeljar í sjávarsetlögum frá síðjökultíma, 11-12.000 ára, í Borgarfirði t.d. í setlögum við Hvítá og Reykholtsá. Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita frekari upplýsingar um þessa steingervinga, en skv. 60. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta steingervingar verndar.

Annað


Margt fleira kemur fram í vinnslutillögunni sem ekki gefst tækifæri hér til að fjalla ítarlega um en staldra má við. Ýmis góð markmið er að finna t.d. í kafla 6.4 um hálendið þar sem stefnt er að því að viðhalda náttúrugæðum s.s. sérstæðum jarðmyndunum, mikilvægum vistgerðum og gróðurlendum. Mikilvægt er að fylgja slíkum markmiðum eftir við uppbyggingu þjónustusvæða eins og fjallað er um hér að framan. Í kafla 6.7 um auðlindir eru sömuleiðis góð markmið um sjálfbæra auðlindanýtingu, að minnka kolefnisspor og efla hringrásarhagkerfið. Einnig að stuðla að vernd og hreinleika grunn- og yfirborðsvatns. Í því sambandi er mikilvægt að fjalla um líffræðilega fjölbreytni í ferskvatnsvistkerfum en víða í sveitarfélaginu eru lífauðug stöðu- og straumvötn sem og ríkuleg lindasvæði þar sem finnst sérstakt lífríki. Tekið er undir góðar ábendingar í umsögn Hafrannsóknarstofnunar frá 14. nóvember varðandi verndun búsvæða álsins og varúðarskilaboð varðandi seiðasleppingar og framkvæmd skógræktar nálægt laxveiðiám.

Í kafla um náttúruvá segir að eldstöðvakerfin í Borgarbyggð séu komin til ára sinna og litlar líkur á gosvirkni. Aukin skjálftavirkni í Ljósufjallakerfinu austarlega á Snæfellsnesi undanfarið gæti teygt sig til Borgarfjarðar og mikilvægt að hafa það í huga. Varðandi efnistöku er fallið frá gildandi stefnu að fækka efnistökusvæðum og hafa frekar fleiri en smærri efnistökusvæði t.d. nálægt stofnvegum og eru ný svæði afmörkuð meðfram Kaldadalsvegi með það að markmiði. Það getur verið jákvæð stefna til að forðast mikil ásýndaráhrif vegna stærri efnistökusvæða og getur auðveldað frágang þegar efnistöku er hætt. Huga þarf samt vel að áhrifum efnistöku á landslag og einnig lífríki t.d. fuglalífs þar sem það er auðugt því auk rasks fylgja efnistöku stundum truflanir vegna umferðar og rykmengunar.

Varðandi áform um breytingar á Uxahryggjarveg vill Náttúrufræðistofnun benda á umsögn sína um matsskyldu framkvæmdarinnar frá 25. mars 2024. Þá er von á umsögn stofnunarinnar um umhverfismatsskýrslu vegna Holtavörðuheidalínu 1 til Skipulagsstofnunar á næstu vikum, en sveitarfélagið ákvað að fjalla ekki um þessa nýju raflínu í vinnslutillögunni en bíða þess að umhverfismatsferlinu ljúki. Tækifæri mun því gefast að fjalla nánar um það þegar það verður tekið fyrir með frekari breytingu á aðalskipulagi.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að veita frekari ráðgjöf og upplýsingar um þau atriði sem fjallað er um í umsögninni ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar